

Nd.

711. Breytingartillaga

[194. mál]

við frv. til l. um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir 7. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (8. gr.) Ríkisstjórnin skal leggja andvirði þess, sem hún fær greitt í söluskatt og aðra tolla af vélum og efni til þeirra virkjana, sem gerðar eru samkvæmt lögum þessum, í sérstakan raftækjasjóð. Skal það fé notað til þess að gera íslenskum alþýðuheimilum til sjávar og sveita mögulegt að fá öll þau raftæki, sem heimili þarfnast, sem fyrst og með góðum afborgunarskilmálum. Skal ríkisstjórnin semja við raftækjaverksmiðjuna Rafha um fjöldaframleiðslu þessara tækja og afgreiðslu þeirra jafnóðum beint til notenda.
- b. (9. gr.) Ákveðið skal í reglugerð um raftækjasjóð nánar um skilmála og miðað við að gera þeim, sem minnst efni og þyngst heimili hafa, auðveldast að fá öll þau tæki, er létt geta heimilisstörf. Skal þar mælt fyrir, hvert umsóknir skulu sendar og í hvaða röð þær skulu afgreiddar. Skulu þau fyrir mæli tryggja, að þau heimili, þar sem flest börn eru, gangi fyrir að fá tækin.